

Val í 8. – 10. bekk



Nemendur í 8.-10. bekk skulu samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 eiga kost á vali um námsgreinar, allt að 1/5 af námstíma á hverjum vetri.

Frjálst val er 4 kennslustundir á viku. **Valið er um tvö mismunandi námskeið**; annað kennt á **þriðjudögum** og hitt á **fimmtudögum**. Valinu er skipt upp í 4 tímabil og er hvert tímabil 8 vikur. Að þessu sinni velja nemendur námskeið fyrir 1. tímabil sem nær fram í byrjun nóvember.

Heimilt er skv. grunnskólalögum að meta skipulagt nám, sem er stundað utan skólans t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af frjálssu vali. Auk þess er heimilt að meta þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfbóðaliðastarfi. Þar að auki má meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi. Þetta fellur undir svokallað **utanskólaval**. Nemendur hafa þá frjálssar hendur með hvenær þeir skila þeim tímum sem falla undir utanskólavalið og er það ekki bundið við tímana kl. 13.50 – 15.10 á valdögum en skóla lýkur þá fyrir þessa nemendur kl. 13.40 á því tímabili sem utanskólavalið er valið.

Þegar búið er að raða í valhópa og upplýsingar komnar um hvaða nemendur hafa valið utanskólaval fá foreldrar & forsjáraðilar póst þar sem þeir eru beðnir um að staðfesta utanskólaval barnsins.

Námsmat í vali er hæfnimiðað eins og annað námsmat í skólanum. Í sumum valnámskeiðum er gefið lokið/ólokið. Námsmatið er skráð á vitnisburðarblöð, sem nemendur fá í vor.

Nemendur í 9.- 10. bekk ganga fyrir í verkgreinar þar sem takmarkaður fjöldi kemst að.

Í þetta sinn velja nemendur fyrir 1 tímabil

Tímabil 1

4. september – 30. október

Þriðjudagsval 13.50 – 15.10
Árshátíð – leikur / söngur / dans
Árshátíð - sviðsmynd
Körfubolti
Framandi matreiðsla og bakstur
Skák
Frístund
Hekl - Amigrumi
Stúlknakórinn Liljurnar
Utanskólaval (sjá skýringar)

9. september – 28. október

Fimmtudagsval 13.50 – 15.10
Árshátíð – leikur / söngur / dans
Myndlist
Andlitsteikning skref fyrir skref
Framandi matreiðsla og bakstur
Spil og samvera
Frístund
Utanskólaval (sjá skýringar)



Tímabil 1

Þriðjudagsval

4. september – 30. október

kl. 13.50 – 15.10



Árshátíð -leikur / söngur / dans

Á hverjum vetri er sett upp leiksýning, sem nemendur í 8. – 10. bekk taka þátt í. Í ár verður söngleikurinn **The Greatest Showman** settur á svið.

Til að söngleikur geti orðið að veruleika þarf leikara og leikkonur í aðal- og aukahlutverk, söngvara og söngkonur, fólk til að semja dansa og dansara. Það verður nóg að gera hjá okkur strax frá upphafi en þegar búið verður að skipa í hlutverk munum við æfa af krafti þar til kemur að sýningunni sjálfri, þann 13. nóvember.

Ef þú hefur áhuga á að blómstra á sviðinu skaltu endilega taka þátt í gleðinni sem fylgir því að setja upp söngleik!



Markmið:

o Nemandi getur sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum og hvatt aðra til viðeigandi hegðunar

o Nemandi getur túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu í Mentor og þátttaka.

Þeir sem vilja leika í sýningunni og/eða syngja velja árshátíðarval –leikur.
Tónlistarskólinn á Egilsstöðum tekur þátt í sýningunni.

Árshátíðarvalið – leikur - er bæði á þriðjudögum og fimmtudögum.

Umsjón: Hrefna Hlín Sigurðardóttir /umsjónarkennarar
Staður: Víða

Árshátíð - sviðsmynd

Í þessum valáfanga **hönnum við og smíðum sviðsmyndina** sem verður á árshátíðinni. Nemendum er skipt niður í hópa og síðan vinna þau saman að því að hanna sviðsmynd. Þegar hóparnir hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu með bestu útfærsluna, velur hver nemandi fyrir sig hvort hann vill smíða, mála eða bæði.

Markmið er að nemendur...

- Noti sköpunarkrafta sína í að hanna sviðsmynd.
- Læri hvað felst í sviðshönnun.
- Læra að vinna saman í hóp að sameiginlegu markmiði.
- Læri að smíða mótél af sviðsmynd.



Vinna:

Innlögn, samræður og þælingar, hvað felur í sér að gera sviðsmynd? Hvað þarf að hafa í huga eins og þema og innihald leikritsins? Við þælum m.a. í litum, boðskap og hvaða stemmningu við viljum ná fram.

Við skoðum dæmi um uppsetningar á sviðsmyndum á veraldarvefnum

Hóparnir komast að niðurstöðu og setja upp eitt mótél eins og við viljum hafa sviðið, skiptum niður verkum hver gerir hvað.

Námsmat: Virkni í tímum.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa og smíðastofa



Skák



Lýsing

Að sjálfsgöðu verður hér teflt og teflt. Stefnt er að því að fá skákfróða gesti í heimsókn til að leiðbeina nemendum svo þeir verði ennþá betri í skák

Markmið

- Að nemendur njóti þess að tefla.
- Að efla færni og þekkingu nemenda í að tefla.
- Að nemendur læri að keppa í skák og læri þær reglur sem gilda í slíkum keppnum

Mat

Þátttaka nemenda og virkni nemenda er metin auk hæfniviðmiða sem við eiga.

Kennari: Sigfús Guttormsson

Staður: Stofur 25 og 26

Framandi matreiðsla og bakstur

Fjölbreyttur og spennandi valáfangi þar sem fræðilegir þættir verða fléttaðir inn í verklega kennslu.

Markmið er að nemendur...

- Kynnist matreiðslu og hráefnum annarra landa.
- Tileinki sér hreinlæti og góð vinnubrögð.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir og Irma

Gná Jakobsdóttir

Staður: Heimilisfræðistofa



Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.

Þáttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).

Verkefnið felst í að vera með börnunum í Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Þórdís Kristvinsdóttir

Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli



Hekl – Amigrumi

Markmið

Amigrumi eru hekludýr og fígúrir með einföldu fastahekli. Markimiðið er að efla færni nemenda í hekli og bæta við kunnáttuna.

Verkefni

- ☆ Að æfa sig í fastahekli
- ☆ Að auka út og fækka lykkjum
- ☆ Að fylgja einföldum uppskriftum
- ☆ Að klára að ganga hekli og setja saman verkefnið

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Staður: Textílmenntastofa



Körfubolti



Markmið

Nemendur kynna sér ýmsa þætti körfuknattleiks, ræða tækni og æfa á velli. Spjallað er um allt frá þróun og uppgangi leiksins á alþjóðlegu sviði yfir í þjálfunaraðferðir og taktík.



Námsmat

Metin færni nemenda til að taka þátt í samspili og að tileinka sér það sem kennari leggur upp með á æfingum.

Kennari: Adam Eiður Ásgeirsson

Staður: Stofa 24 / körfuboltavöllur

Stúlknaðórinn Liljurnar



Lýsing

Stúlknaðórinn Liljurnar er fyrir stúlkur í 8.b-10. b í grunnskóla og á menntaskólaaldri (hámark 20 ára) sem hafa áhuga á söng og tónlist og vilja stunda og kynnast spennandi og skapandi kórstarfi. Engin þörf er á fyrri söng eða tónlistarmenntun til að geta tekið þátt.

Að taka þátt í Liljunum er einnig fyrir þær stúlkur sem langar að fá tækifæri til spreyta sig á einsöng með kór. Þeim söngkonum í kórnum sem spila líka á hljóðfæri stendur líka til boða að spila á hljóðfærið sitt með kórnum, t.d forspil eða sóló, á milli þess sem þær syngja. Kórmeðlimir munu allir fá tækifæri til að hafa áhrif á hvaða lög verða fyrir valinu og hvernig þau verða útsett. Efnisvalið verður fjölbreytt og í lok hvers valtímabils verða tónleikar eða viðburður sem kórinn mun syngja/spila á.

Markmið

- ☆ Taka þátt í fjölbreyttri tónlist og skapandi og gefandi hópstarfi.
- ☆ Þjálfast í söng, kynnast röddinni sinni betur og syngja í hóp þar sem allir fá að hafa sína rödd við að skapa hann og móta.
- ☆ Koma fram með kórnum opinberlega í lok námskeiðsins.



Ath! Stefnt er að því að kórinn verði áfram í vali út veturinn á öllum fjórum tímabilunum. Það er boðið upp á að taka þátt í kórnum án þess að það sé hluti af vali.

Æfingarstaður: Egilsstaðakirkja.

Tími: Mánud. kl.16:30-18:00. Tímabil: 8. sept- 2. nóv

Stjórnandi: Margrét Lára Þórarinsdóttir. Meðleikari: Sándor Kerekes

Utanskólaval

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar & forsjáraðilar munu fá póst þar sem þeir eru beðnir um að staðfesta utanskólaval barnsins þegar liggur fyrir hverjir hafa óskað eftir utanskólavali.

Hvað	Ef ég æfi íþróttir eða annað í ...	...get ég fengið utanskólaval annað hvort á þriðjudegi eða fimmtudegi.
Íþróttæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil

Tímabil 1

Fimmtudagsval

9. september – 28. október

kl. 13.50 – 15.10



Árshátíð -leikur / söngur / dans

Á hverjum vetri er sett upp leiksýning, sem nemendur í 8. – 10. bekk taka þátt í. Í ár verður söngleikurinn **The Greatest Showman** settur á svið.

Til að söngleikur geti orðið að veruleika þarf leikara og leikkonur í aðal- og aukahlutverk, söngvara og söngkonur, fólk til að semja dansa og dansara. Það verður nóg að gera hjá okkur strax frá upphafi en þegar búið verður að skipa í hlutverk munum við æfa af krafti þar til kemur að sýningunni sjálfri, þann 13. nóvember.

Ef þú hefur áhuga á að blómstra á sviðinu skaltu endilega taka þátt í gleðinni sem fylgir því að setja upp söngleik!



Markmið:

- ☆ Nemandi getur sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum og hvatt aðra til viðeigandi hegðunar
- ☆ Nemandi getur túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu í Mentor og þátttaka.

Þeir sem vilja leika í sýningunni og/eða syngja velja árshátíðarval –leikur. Tónlistarskólinn á Egilsstöðum tekur þátt í sýningunni.

Árshátíðarvalið – leikur - er bæði á þriðjudögum og fimmtudögum.

Umsjón: Hrefna Hlín Sigurðardóttir /umsjónarkennarar

Staður: Víða



Andlitsteikning skref fyrir skref

Markmið

Þetta val hefur markmiðið að gagnast nemendum sem hafa áhuga á að efla sig í teikningu á andlitsformum. Hentar fyrir byrjendur og lengra komna.



Vinnuferli

Notuð verða ýmis teikniáhöld.

- ☆ Nemendur æfa sig í að teikna skref fyrir skref andlitsform og grunnhlutföllin sem byggjast á grunnformunum þremur hringur, þríhyrningur og ferhyrningur.
- ☆ Teikna sporöskju, lóðréttar og láréttar hjálparlínur sem skipta andlitinu upp í svæði.
- ☆ Læra að mæla út hvernig á að staðsetja augu, eyru, munn og nef á andlit miðað við fyrirmynd.

Hvatt verður til að prófa mjúkar blýantskyggingar til að ná góðum svip.

Fyrirmyndir sem eru notaðar eru spegilmynd (sjálfsmýnd) ljósmyndir af uppáhalds persónum hvers og eins, 3 D forrit Sketchfab, youtube og valin andlit, allt eftir óskum.

Notaðar verða hraðskissur til upphitunar fyrir lengri og nákvæmari teikningu.


Fartölvur eru leyfðar við vinnuferlið.

Námsmat

Gefnar eru jákvæðar og leiðbeinandi ábendingar í vinnuferlinu eftir áherslum Leiðsagnarmats. Notaður er matskvarðinn A-C.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Stofa 24



Framandi matreiðsla og bakstur

Fjölbreyttur og spennandi valáfangi þar sem fræðilegir þættir verða fléttaðir inn í verklega kennslu.

Markmið er að nemendur...

- Kynnist matreiðslu og hráefnum annarra landa.
- Tileinki sér hreinlæti og góð vinnubrögð.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: **Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir** og **Irma Gná Jakobsdóttir**
Staður: Heimilisfræðistofa



Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.

Þáttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).

Verkefnið felst í að vera með börnunum í Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Þórdís Kristvinsdóttir
Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli



Spil og samvera



Hefurðu gaman af spilum og vilt læra ný?

Í þessari valgrein tökum við fram spilastokkinn og kynnumst ýmsum skemmtilegum spilum. Við spiluðum bæði klassísk spil eins og félagsvist, rommý, en líka önnur vinsæl spil eins og Kínaskák.


Markmiðið: að þjálfra hugann, kynnst nýjum spilum og nýjum vinum og þjálfra samskipta- og samvinnuhæfni.

Þú lærir að beita hugmyndaflugi, þolinmæði og samvinnu – allt í gegnum spilagleðina.

Námsmat: Virkni, þátttaka og samvinna. (Lokið/Ólokið)

Kennari: Bylgja Borgþórsdóttir

Staður: Stofa 21



Eitt og annað brasað í myndmenntastofunni

Markmið

Að nemendur átti sig á möguleikum ólíks efniviðs í hvers konar sköpun.

Að nemendur efli sjálfstæð vinnubrögð og geti gert grein fyrir vinnu sinni.

Að nemendur eflist í samvinnu og að bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra

Viðfangsefni: Nemendur vinna mismunandi verkefni í ólíkan efnivið. Nemendur eru hvattir til að koma með eigin óskir að verkefnavinnu og einnig mun kennari leggja fyrir ákveðin verkefni.

Dæmi um efnivið: Málun, teikning, þrykk, leirmótun-smáhlutir, blek, krít, klippiverk, blanda saman efnispáttum ofl. Ofi.

Markmið er að vinna bæði inni og úti ef veður leyfir.

Námsmat: Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur nýti tímana vel og sýni frumkvæði og vönduð vinnubrögð.

Kennari: Kristín Hlíðkvist Skúladóttir

Staður: Myndmenntastofa



Utanskólaval

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfbóðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar & forsjáaðilar munu fá póst þar sem þeir eru beðnir um að staðfesta utanskólaval barnsins þegar liggur fyrir hverjir hafa óskað eftir utanskólavali.

Hvað	Ef ég æfi íþróttir eða annað í ...	...get ég fengið utanskólaval annaðhvort á þriðjudegi eða fimmtudegi
Íþróttaæfingar, tónlistarnám, sjálfbóðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil

